

REGLUR

um skráningu váttryggingaumboðsmanns.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur reglna þessara er að útfæra nánar verklag váttryggingafélaga við skráningu váttryggingaumboðsmanns hjá váttryggingafélagi.

2. gr.

Gildissvið.

Reglurnar gilda um alla váttryggingaumboðsmenn sem starfa fyrir hönd váttryggingafélaga.

Váttryggingaumboðsmaður er einstaklingur eða lögaðili sem á grundvelli samnings við eitt eða fleiri váttryggingafélög stundar þá starfsemi að kynna, bjóða fram eða undirbúa með öðrum hætti samning um váttryggingu, að koma á slíkum samningi eða aðstoða við framkvæmd slíkra samninga á ábyrgð viðkomandi váttryggingafélaga.

3. gr.

Skrá um váttryggingaumboðsmenn.

Váttryggingafélag skal halda skrá um alla váttryggingaumboðsmenn sem það hefur gert samning við um miðlun váttrygginga fyrir sína hönd.

Skráin skal að lágmarki hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um váttryggingaumboðsmenn:

- a) Nafn einstaklings eða heiti félags ef um lögaðila er að ræða ásamt nafni forsvarsmanns lögaðilans.
- b) Heimilisfang starfsstöðvar.
- c) Síma- og faxnúmer á starfsstöð.
- d) Tölvupóstfang.
- e) Haldi váttryggingaumboðsmaður vefsíðu skal vefslóð hennar koma fram, enda sé hún almennt notuð til miðlunar upplýsinga vegna starfa hans fyrir félagið.

Skrá skv. 1. mgr. skal vera aðgengileg á vefsíðu viðkomandi váttryggingafélags og á starfsstöð þess.

4. gr.

Heimild umboðsmanns til að hefja störf.

Váttryggingaumboðsmanni er heimilt að hefja starfsemi þegar hann hefur verið skráður hjá váttryggingafélagi og sú skráning gerð aðgengileg á vefsíðu viðkomandi váttryggingafélags, sbr. 3. mgr. 3. gr.

5. gr.

Skráning einstaklings.

Áður en váttryggingafélag skráir einstakling sem váttryggingaumboðsmann þarf félagið að ganga úr skugga um eftirfarandi:

- að viðkomandi einstaklingur sé lögráða og sé búsettur hér á landi,
- að hann hafi ekki á síðustu fimm árum verið úrskurðaður gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um miðlun váttrygginga eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi,
- að hann búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta sinnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt,
- að hann hafi ekki sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að hann misnoti aðstöðu sína eða skaði starfsemina.

6. gr.

Skráning lögaðila.

Áður en váttryggingafélag skráir lögaðila sem váttryggingaumboðsmann þarf félagið að ganga úr skugga um eftirfarandi:

- að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri viðkomandi lögaðila séu lögráða og hafi ekki á síðustu fimm árum verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um miðlun váttrygginga eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi,
- að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri lögaðilans búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt,
- að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri lögaðilans hafi ekki sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði starfsemina.

Um stjórn og framkvæmdastjóra váttryggingaumboðs gilda ákvæði laga um hlutafélög eða einkahlutafélög, enda sé ekki á annan veg mælt í lögum um miðlun váttrygginga.

7. gr.

Váttryggingasölumenn umboðsmanna.

Áður en váttryggingafélag skráir váttryggingaumboðsmann þarf félagið að ganga úr skugga um eftirfarandi:

- að váttryggingasölumenn sem starfa á ábyrgð váttryggingaumboðsmanns búi yfir eða hafi nægilega starfsreynslu og þekkingu til að geta sinnt váttryggingasölu, þar á meðal á meginatriðum laga um miðlun váttrygginga, laga um váttryggingastarfsemi, laga um váttryggingarsamninga og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi,
- að váttryggingasölumenn séu lögráða og hafi forræði á búi sínu,
- að þeir hafi ekki á síðustu fimm árum í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um miðlun váttrygginga eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Váttryggingasölumaður skv. 1. mgr. er starfsmaður sem starfar á vegum og á ábyrgð váttryggingaumboðsmanns, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga.

8. gr.

Afskráning umboðsmanns.

Þegar váttryggingaumboðsmaður hættir sölu váttrygginga á vegum váttryggingafélags skal hann tekinn af skrá félagsins.

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 4. mgr. 39. gr. laga um miðlun váttrygginga nr. 32/2005 og taka þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 10. mars 2011.

Gunnar Þ. Andersen.

Ragnar Hafliðason.